

Reykjavík, 1. mars 2017

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

UNICEF á Íslandi fagnar því að fram sé komið frumvarp til laga um lengingu fæðingarorlofs foreldra. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var á Íslandi árið 2013, segir að aðildarríki samningsins séu „sannfærð um að veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu“. Jafnframt viðurkenna aðildarríkin „að barn eigi að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning, til þess að persónuleiki þess geti mótast á heilsteyptan og jákvæðan hátt“ og að virða skuli „ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra“.

Lenging fæðingarorlofs samræmist þessum markmiðum Barnasáttmálans og er markmið frumvarpsins að auka samvistir barna við báða foreldra fyrsta árið. UNICEF á Íslandi hvetur velferðarnefnd Alþingis til að hafa í huga við meðferð frumvarpsins að ný lög verði til þess að hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof hækki, en hlutfallið lækkaði úr 85% í 76% milli árana 2009-2014, samkvæmt svari þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur frá árinu 2015. Fimm mánaða óframseljanlegur réttur hvors foreldris er ein leið að því markmiði, en mikilvægt er að huga að ólíkum fjölskyldumynstrum barna þegar tekin verður ákvörðun um skiptingu orlofs. Það á sérstaklega við um rétt barna einstæðra foreldra.

Þar að auki kveður frumvarpið ekki á um hækkun fæðingarstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar né tekur það á fjölgun mæðra sem þiggja hvorki fæðingarorlofsgreiðslur né fæðingarstyrk, líkt og bent var á í fyrrgreindu svari ráðherra. UNICEF á Íslandi hvetur velferðarnefnd til þess að huga sérstaklega að þessum hópum foreldra, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Í því samhengi má benda á niðurstöður greiningar UNICEF á [börnum á Íslandi sem líða efnislega skort](#), en þar kemur fram að börn á heimilum þar sem atvinnuþátttaka foreldra er undir 50% eru í mestri hættu á að líða skort.¹

Virðingarfyllst,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi
bergsteinn@unicef.is
S. 615 4049

¹ UNICEF á Íslandi, 2016, *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*, bls 26.
https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rbai.skyrsla.2016_vef_2.pdf